

KRISTINN SIGURPÁLL STURLUSON

SÝN FAGAÐILA

Hljóðmenn sinna mjög fjölbreyttu starfi og því er ekki leikur einn að finna hentugar aðferðir til að meta færni innan geirans. Það eru ekki meira en þrjú ár síðan að fyrst var farið að bjóða upp á löggilt nám í hljóðtækni á vegum Tækniskólans – Skóla atvinnulífsins og Stúdío Sýrlands en það nám nær ekki lengra en sem nemur EQF-þrepi 3. Því vandast málið þegar meta á ofar eða upp í EQF-þrep 4 og þaðan upp úr.

Unnið var út frá 12 yfirviðmiðum tengdum evrópska viðmiðarammanum um ævinám en þau einblína heldur meira á persónulega færni, vinnufærni og skipulagsfærni en núverandi námsskrá. Þetta fyrirkomulag hentar mjög vel þegar kemur að því að meta stéttir eins og hljóðmenn þar sem starf þeirra felur í sér miklu meira en einungis að passa upp á hljóð. Þeir þurfa einnig að geta sinnt starfi ráðgjafa, verkstjórnanda, unnið mjög sjálfstætt við krefjandi aðstæður og margt fleira.

Ávinningur stjórnenda

Af þessu leiðir að niðurstöður úr raunfærnimati byggðu á EQF-rammanum henta mjög vel stjórnendum hljóðfyrirtækja/verkefna sem oft eru að leita að ákveðinni stjórnunarfærni, skipulagsfærni og persónulegri færni ásamt allri þeirri tæknibekkingu sem til þarf.

Í aðdraganda verkefnisins var settur saman stýrihópur þar sem haft var samráð við stjórnendur stærstu fyrirtækja á þessum markaði hvað varðar gerð færni viðmiða. Áhersla var lögð á að draga fram lýsingu á hvers konar starfskrafti þeir væru helst að leita að og út frá því voru undirviðmiðin unnin. Þetta samráð um færnikröfur veitir niðurstöðunum þeim mun meira gildi út á atvinnumarkaðinn.

Ávinningur skóla

Í beinu framhaldi af þessu tilraunaverkefni er mögulegt að meta enn betur hvernig má koma á móts við þarfir atvinnulífsins í menntakerfinu. Ef vitað er hvers konar starfsmanni

atvinnurekendur eru að leita að og hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem útskrifast úr námi er hægt að straumlínulaga námið enn frekar að þeim kröfum og þar með auka gildi þess enn frekar fyrir nemendur sem og atvinnulífið.

Einnig verður mögulegt, eftir því sem fleiri aðilar fara í gegnum raunfærnimatsferlið, að safna gögnum sem sýna hvar skortir þekkingu og þá hvernig megi bregðast við því hvort sem er með námskeiðum, námsáföngum eða jafnvel sérmenntun.

Möguleikar – næstu skref

Fyrst og fremst er þó matið ætlað þeim sem metinn er til framdráttar. Þarna geta þátttakendur sjálfir séð hvar styrkleikar þeirra liggja og hvar þörf er fyrir viðbótarfærniuppbyggingu. Í framhaldi af því geta þeir leitað leiða til að bæta við þessa þætti hjá sér en það skapar á móti heilsteypara þekkingarlandslag og verður því iðninni í heild sinni til framdráttar.

Eftir því sem meiri reynsla kemst á raunfærnimatið verður vonandi einnig hægt að meta þátttakendur ofar í EQF-rammanum. Þar með má auka enn frekar við þá viðurkenningu þeirra aðila sem jafnvel hafa unnið í áratugi við sína iðn án þess þó að hafa hlotið mikla, ef einhverja, formlega menntun fyrir utan grunnskóla. Þeir aðilar búa þó yfir reynslu og þekkingu sem mætti bera saman við margra ára skólagöngu - en með reynslu og tengingu við atvinnulífið þar að auki.



Kristinn Sigurpáll Sturluson